

Erindisbréf

starfshópur vegna ráðningar sviðsstjóra fjármálasviðs

Málsnúmer 2303286

Hlutverk:

Hópurinn er starfshópur vegna ráðningar sviðsstjóra fjármálasviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, sbr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 80. gr. samþykktu um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Meginverkefni hópsins er:

- að fjalla um fyrirliggjandi umsóknir og gera tillögu til bæjarstjórnar um ráðningu í starfið.

Starfshópurinn starfar í umboði bæjarstjórnar og er skipaður kjörnum fulltrúum. Starfshópurinn hefur störf strax eftir að bæjarstjórn hefur skipað í hann.

Skipulag:

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi, að hámarki fyrir fimm (5) fundi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Starfshópurinn tekur þegar til starfa og skal starfstími hans miðast við lok meginverkefnis hópsins. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án þess að fjárheimildir séu fyrir útgjöldum.

Skipan starfshópsins:

2 fulltrúar frá meirihluta.

1 fulltrúi frá minnihluta.

Starfsmenn starfshópsins eru:

Mannauðsstjóri

„Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku.“

Erindisbréf samþykkt í bæjarstjórn 15. mars 2023.